

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 5. júní kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 776. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ólafur Melsted, Hulda Einarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. **Ártúnshöfði, austurhluti, breyting á** (04.071) Mál nr. SN200134
deiliskipulagi vegna smáhýsa Skjalnr. 6633

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Ártúnshöfði - Eystri" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku, dags. 21. febrúar 2020. Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Róbert Örn Albertsson dags. 15. apríl 2020, Sölvi Sigurjónsson dags. 15. apríl 2020, Kristján Lindberg Björnsson dags. 16. apríl 2020, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir f.h. Kaffitárs ehf. dags. 17. apríl 2020, Elías Gíslason, Guðmundur Gunnlaugsson, Pétur Jónsson, Náttúrulækningastofa Matthildar, Sjúkrapjálfun Ártúnshöfða og Sveinbjörn Jakobsson dags. 29. apríl 2020, Elías Gíslason dags. 7. maí 2020, Þórður R. Magnússon dags. 11. maí 2020, Stefán S. Gunnarsson dags. 11. maí 2020, G. Sigríður Samúelsdóttir dags. 11. maí 2020, Vignir Þór Stefánsson dags. 11. maí 2020, Ingi Kári Loftsson dags. 12. maí 2020, Jón Kristinn Jónsson og Sesselja Ingólfssdóttir dags. 11. og 12. maí 2020, Ólafur Jónsson dags. 11. maí 2020, Pétur Jóhannesson dags. 12. maí 2020, Einar S. Hálfánarson dags. 12. maí 2020, Árni Guðmundsson dags. 12. maí 2020, Sif Jónsdóttir og Björn Finnbogason dags. 12. maí 2020, Páll Fannar Einarsson dags. 12. maí 2020 og Guðrún Karlsdóttir. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Berglindi Gunnarsdóttur dags. 20. maí 2020 og Magnúsi Óskarssyni hrl. f.h. Vélvíkur ehf. dags. 27. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn íbúaráðs Grafarvogs dags. 12. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

2. **Borgartúnsreitur Vestur 1.216,**
Guðrúnartún, breyting á deiliskipulagi
vegna smáhýsa

Mál nr. SN190657
Skjalnr. 12496

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. maí 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra eftirfarandi atriði: Sýna þarf gildandi deiliskipulagsuppdrátt með síðari breytingum. Einnig er lagður fram lagfærður uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. október 2019, síðast breytt 3. júní 2020.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

3. **Laugardalur - austurhluti, breyting á** (01.39)
deiliskipulagi vegna smáhýsa

Mál nr. SN200070
Skjalnr. 5451

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagsviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lilju Sigrúnar Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 2. apríl 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar/umsögn: Frimann Ari Ferdinandsson f.h. stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur dags. 2. apríl 2020, Einar Símonarson dags. 8. apríl 2020, Vilborg Traustadóttir dags. 8. apríl 2020, Friðjón Sigurðarson framkvæmdastj. þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 8. apríl 2020, Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 8. apríl 2020, Ingibjörg Júlíusdóttir dags. 9. apríl 2020, Sigrún Böðvarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Pálmi Símonarson dags. 9. apríl 2020, Sigríður Ragnarsdóttir dags. 9. apríl 2020, Vilhjálmur Hallgrímsson dags. 9. apríl 2020, Kristín Sigurðardóttir dags. 11. apríl 2020, Raj K. Bonifacius, Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur, dags. 12. apríl 2020, Freyr Ólafsson f.h. stjórnar FRÍ dags. 13. apríl 2020, Ingvar Garðarsson dags. 13. apríl 2020, Ingunn Ásta Sigmundsdóttir dags. 13. apríl 2020, Smári Hrólffsson dags. 13. apríl 2020, Skúli Víkingsson dags. 14. apríl 2020, Ingibjörg Kaldal dags. 14. apríl 2020, Dagný Hrönn Ásgeirsdóttir dags. 14. apríl 2020, Natalia Teran Garcia dags. 14. apríl 2020, Daníel Ingvarsson dags. 14. apríl 2020, Finnboogi Hilmarsson f.h. stjórnar Knattspyrnufélags Þróttar dags. 14. apríl 2020, Sólbjört Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Magnús Grétarsson dags. 14. apríl 2020, Daníel Oddsson dags. 14. apríl 2020, Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Björgvinsdóttir dags. 14. apríl 2020, Erla Kristín dags. 14. apríl 2020, Ásdís Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020, Halla Sverrisdóttir dags. 14. apríl 2020, Árni Jónsson dags. 14. apríl 2020, Lárus Kjartansson dags. 14. apríl 2020, Gyða Karlsdóttir dags. 14. apríl 2020, Drífa Ósk Sumarliðadóttir dags. 14. apríl 2020, Ásthildur Gunnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Bergþóra Karen Ketilsdóttir dags. 14. apríl 2020, Eva Arnarsdóttir dags. 14. apríl 2020, Elísabet Magnúsdóttir dags. 14. apríl 2020, Donna Kristjana dags. 14. apríl 2020, Jón Ágúst Eiríksson dags. 14. apríl 2020, Sigurður Schram dags. 15. apríl 2020, Erna Kristín Ernudóttir dags. 15. apríl 2020, Helgi Björnsson dags. 15. apríl 2020, Björn Bragi Bragason dags. 15. apríl 2020, Valdís Sigurbórsdóttir dags. 15. apríl 2020, Jesús Munguía dags. 15. apríl 2020, Þórdís Vala og fjölskylda dags. 15. apríl 2020, Bryndís Guðmundsdóttir dags. 16. apríl 2020, Aðalheiður Svanhildardóttir dags. 20. apríl 2020, Hafdís Ósk Sigurðardóttir dags. 20. apríl 2020, Ingunn Nielsen dags. 26. apríl 2020, Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Benedikt Þór Jóhannsson dags. 29. apríl 2020, Sigrún Sif Jónsdóttir dags. 29. apríl 2020, Una Nielsdóttir Svane dags. 29. apríl 2020, Veitur dags. 29. apríl 2020, Lilja Sigrún Jónsdóttir f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 29. apríl 2020 og 3. júní 2020, Arnfríður Inga Arnmundsdóttir dags. 29. apríl 2020, Rósa Björk Sveinsdóttir dags. 6. maí 2020, Arna María Gunnarsdóttir dags. 8. maí 2020, Sigríður Oddsdóttir dags. 8. maí 2020, Edda Huld

Sigurðardóttir dags. 8. maí 2020, Stefanía dags. 9. maí 2020, íbúaráð Laugardals dags. 12. maí 2020, Lilja Una Óskarsdóttir dags. 28. maí 2020, Karl Gunnarsson dags. 28. maí 2020, Sigþór Hjartarson dags. 28. maí 2020, Ásthildur Björgvinsdóttir dags. 31. maí 2020 og Guðrún Harðardóttir og Anna Gígja Kristjánsdóttir fulltrúar Grímufélagsins Ármanns, Skautafélags Reykjavíkur - listhlaupadeild, Knattspyrnufélags Þróttar, Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur og Borðtennisdeildar Víkings dags. 2. júní 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Bergstaðastræti 52, (fsp) breyting á notkun** (01.186) Mál nr. SN200327
Skjalnr. 12584
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kurt og pí ehf. dags. 28. maí 2020 um breytingu á notkun hluta húsnæðis á 1. hæð hússins á lóð nr. 52 við Bergstaðstræti úr tannlæknastofu í íbúð að hluta til og vinnustofu/sýningarrými, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 19. maí 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Bragagata 25, (fsp) svalalokun** (01.186.2) Mál nr. SN200345
Skjalnr. 6743
Sigríður Berglind Ásgeirsdóttir, Huldubraut 13, 200 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Sigríðar Berglindar Ásgeirsdóttur dags. 3. júní 2020 um að setja glerskýli yfir svalir á efstu hæð hússins á lóð nr. 25 við Bragagötu. Einnig lagðar fram tvær ljósmyndir ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Breiðagerði 35, (fsp) byggja við og framlengja þak hússins** (01.814.2) Mál nr. SN200312
Skjalnr. 14283
Viggó Magnússon, Furugrund 6, 200 Kópavogur
Flóvent Sigurðsson, Breiðagerði 35, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Viggós Magnússonar dags. 20. maí 2020 um að byggja við og framlengja þak hússins á lóð nr. 35 við Breiðagerði sem myndar hlífðarþak yfir útitröppur og steiptan pall fyrir framan inngang, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 19. maí 2020. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Garðsstaðir 49, (fsp) fjölgun íbúða** (02.427.4) Mál nr. SN200285
Skjalnr. 14272
Hildur J Pálsdóttir, Garðsstaðir 49, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hildar J. Pálsdóttur dags. 9. maí 2020 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 49 við Garðsstaði um eina íbúð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
8. **Einimelur 10, (fsp) stækkun húss** (01.526.2) Mál nr. SN200336
Skjalnr. 14277
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
Einar Baldvin Árnason, Einimelur 10, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 29. maí 2020 ásamt bréfi dags. 29. maí 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 10 við Einimel sem felst í að byggja hæð ofan á bílskúr sem áfastur er við húsið, samkvæmt tillögu Arkitektar Laugavegi 164 ehf. dags. 26. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunnar dags. 18. maí 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Grímshagi 8, (fsp) stækkun húss og bygging bílskúrs** (01.554.2) Mál nr. SN200279
Skjalnr. 14275

Dóra Gunnarsdóttir, Grímshagi 8, 107 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Dóru Gunnarsdóttur dags. 5. maí 2020 ásamt bréfi T.ark Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 8 við Grímshaga og byggingu bílskúrs. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020 samþykkt.

10. **Línbergsreitir, Grandagarði, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190526
Skjalnr.

Andri Klausen, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
430715-0970 Linberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Andra Klausen dags. 5. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar - Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að skipta svæðinu upp í fimm lóðir, niðurrifi eldri bygginga og byggingu nýrra og hærri húsa eða 2-4 hæðar ásamt byggingu bílastæðahúss fyrir um 300 bíla, samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun fyrir Örfirisey og Granda dags. 2009, minnisblað teiknistofunnar Stiku dags. 28. maí 2019, minnisblað Eflu dags. 20. júní 2019, tvær skýringamyndir teiknistofunnar Stiku ódags., og kynningarhefti ASK Arkitekta ehf. dags. 5. september 2019. Jafnframt er lögð fram drög að viljayfirlýsingu dags. í júní 2019, umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 17. september 2019, bréf Faxaflóahafna sf. dags. 20. september 2019 og minnisblað Faxaflóahafna sf. dags. 25. maí 2020.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

11. **Miðbakkí, Geirsgata 11, 13 og 15, (fsp) (01.118)** Mál nr. SN200301
Skjalnr. 9674

reisa fjölnotabyggingu
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
620198-2269 Geirsgata 11 ehf., Fiskislóð 14, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta dags. 13. maí 2020 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2020 um mögulega uppbyggingu á lóðum nr. 11, 13 og 15 við Geirsgötu sem felur í sér að reisa fjölnotabyggingu á Miðbakknum, samkvæmt tillögu Yrki Arkitekta dags. 21. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

Vísað til umsagnar Faxaflóahafna.

12. **Sólvallagata 23, Nýr bílskúr (01.162.002)** Mál nr. BN056808
Skjalnr. 11282

Brynjólfur Stefánsson, Sólvallagata 23, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr klæddan að utan með timburborðum á lóð nr. 23 við Sólvallagötu, samkvæmt uppdr. Sei dags. 19. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020. Jafnframt er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020. Stærð bílskúr er : 38,3 ferm., 119,5 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í leiðréttri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020.

13. **Heiðargerði 24, (fsp) hækkun á þaki, setja kvisti og gera sólstofu (01.802)** Mál nr. SN200317
Skjalnr. 13769

Sigurður Haraldsson, Melgerði 18, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Haraldssonar dags. 11. maí 2020 um að hækka þak hússins á lóð nr. 24 við Heiðargerði og setja kvisti á þakið ásamt því að stækka húsið og gera þar sólstofu.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

14. **Laugarásvegur 21, Bílskýli, útigeymsla,** (13.804.07) Mál nr. BN057649
skyggni o.fl. - Endurnýjun Skjalnr. 13405
Tómas Már Sigurðsson, Laugarásvegur 21, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa bílskýli og útigeymslu við lóðarmörk, skyggni yfir aðalinngang einbýlishúss, ásamt breytingum tengdum endurskipulagningu lóðar, s.s. landmótun, uppsetningu stoðveggja og staðsetningu á heitum potti, bílastæðum ofl. á lóð nr. 21 við Laugarásveg.
Stækkun: 45.4 ferm., 136.2 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.380.4 síðast breytt í ágúst 1971, teikningasett undirrituð af lóðarhöfum Kleifarvegs 12 og Laugarásvegs 23 dags. 27. maí 2020 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 11.200
Á fundi skipulagsfulltrúa þann 25. maí sl. var samþykkt að grenndarkynna erindið.
15. **Brautarholt 32, (fsp) uppbyggingarheimildir** (01.250.1) Mál nr. SN200228
á lóð Skjalnr. 14267
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
600169-5139 Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 17. apríl 2020 ásamt greinargerð dags. 15. apríl 2020 um uppbyggingarheimildir á lóð nr. 32 við Brautarholt. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020 samþykkt.
16. **Hólmgarður 34, Breytingar á erindi** (01.818.307) Mál nr. BN057602
BN054900 Skjalnr. 8230
620188-1589 Jakobssynir ehf., Glaðheimum 26, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN054900, þannig að á jarðhæð austurhluta verður komið fyrir þremur íbúðum og þremur verslunarbílum, geymslum í bakhúsi, mhl. 04, eru fjölgað úr tíu í sautján auk þess sem mhl. 01 er stækkaður í húsi á lóð nr. 34 við Hólmgarði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Stækkun XX ferm., XX. rúmm. Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
17. **Norðurbrún 2, Fjölbýlishús** (13.525.01) Mál nr. BN057719
Skjalnr. 7586
510219-1470 Ósvör ehf., Nýhöfn 3, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með 7 íbúðum og verslun í vesturhluta 1. hæðar á lóð nr. 2 við Norðurbrún.
Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 26. maí 2020. Stærð, A-rými: 907,1 ferm., 2.773,3 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Stafnasel 4, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.924.2) Mál nr. SN200310
Skjalnr. 14195
Konráð Logn Haraldsson, Grundarbraut 6B, 355 Ólafsvík
560600-3050 VHÁ verkfræðistofa ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Hauks Ásgeirssonar dags. 19. maí 2020 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 4 við Stafnasel, samkvæmt tillögu dags. 19. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

19. **Ystasel 24, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.930.2) Mál nr. SN200322
Skjalnr. 14097

Daníel Sigurðsson, Ystasel 24, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Daníels Sigurðssonar dags. 26. maí 2020 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 24 við Ystasel, samkvæmt tillögu/þrívíddarmynd ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

20. **Gerðarbrunnur 1, Einbýlishús** (50.561.08) Mál nr. BN057689
Skjalnr. 14281

Þórunn Vilmarisdóttir, Laxatunga 27, 270 Mosfellsbær

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 1 við Gerðarbrunn.

Stærð: 257,4 ferm., 971,9 rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

21. **Hofsvallagata 54, (fsp) stækkun** (01.526.1) Mál nr. SN200105
Skjalnr. 7723

veitingastaðarins Hagavagninn
Vigfús Halldórsson, Biskupsgata 3, 113 Reykjavík
441011-0590 Giljastígur ehf, Laugavegi 77, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Vigfúsar Halldórssonar dags. 10. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 54 við Hofsvallagötu sem felst í stækkun á núverandi veitingastað á lóð nr. 54 við Hofsvallagötu til að koma fyrir salernisaðstöðu fyrir viðskiptavini, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 7. desember 2019, en í dag er einungis salernisaðstaða fyrir starfsfólk. Einnig er lagður fram tölvupóstur Vigfúsar Halldórssonar dags. 11. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

Vísað til umsagnar ÍTR.

22. **Rauðhólar, lýsing** (08.1) Mál nr. SN200198
Skjalnr. 13634

Að lokinni kynningu er lögð er fram að nýju lýsing skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, dags. 30. mars 2020. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Helstu viðfangsefni og meginmarkmið fyrir deiliskipulagið koma fram í lýsingunni, en m.a. er lagt til að skilgreina aðalleiðir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda um svæðið o.fl. Kynning stóð yfir frá 7. maí 2020 til og með 28. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Vegagerðin dags. 12. maí 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 26. maí 2020, Skipulagsstofnun dags. 26. maí 2020, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. maí 2020, Umhverfisstofnun dags. 29. maí 2020 og Sveinbjörn Guðjohnsen dags. 30. maí 2020.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

23. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200303
Skjalnr. 9615

framkvæmdaleyfi
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lögð fram umsókn VSÓ ráðgjafar dags. 14. maí 2020 ásamt bréfi Landnets hf. dags. 13. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu 132 kV háspennustrengja, Korpulína 1 og Rauðavatnslína 1, á milli tengivirkja Landnets á Korpu og Geithálsi og á milli tengivirkja Landnets við Rauðavatn (Aðveitustöð 12 eða A12) og Geitháls. Einnig er lögð fram framkvæmdalýsing Eflu dags. í maí 2020, teikningasett Eflu hf. dags. í mars 2020, samningur milli Landnets hf. og Reykjavíkurborgar dags. 11. maí 2020 og bréf Landsnets hf. dags. 30. apríl 2020 þar sem óskað er eftir heimild landeiganda til lagningar tveggja 132 kV jarðstrengja, KO1 og RV1. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. mars 2020 og viðbrögð Landsnets við umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

24. **Vatnagarðar 12, staðsetning ökutækjaleigu,** (01.337.8) Mál nr. SN200352
endurnýjun á leyfi Skjalnr. 11503
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Díönu Þyri Einarsdóttur f.h. MyCar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Vatnagörðum 12. Fjöldi ökutækja til útleigu í Reykjavík eru allt að 40 ökutæki. MyCar er einnig með aðgang að stæðum í Kaupþúni 6. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 23. júní 2015 til 23. júní 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
25. **Vogabyggð svæði 1, breyting á** (01.45) Mál nr. SN200339
deiliskipulagi Skjalnr. 13136
Þorsteinn Ingi Garðarsson, Hléskógar 14, 109 Reykjavík
701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Þorsteins Inga Garðarssonar dags. 29. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna lóðar nr. 1.6. Í breytingunni felst m.a. að heimila aukið byggingarmagn og reisa íbúðir í þremur húshlutum ofan á bílgeymslu, fækka bílastæðum í götu, gera þemagarð á borgarlandi austast á svæðinu ásamt því að breyta lögun lóðar og götu, samkvæmt deiliskipulagsuppdraetti Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 22. maí 2020. Einnig eru lagðir fram skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018 br. 22. maí 2020, minnisblað Eflu dags. 12. mars 2019 um hljóðmælingar og umboð Gelgjutanga ehf. dags. 25. maí 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
26. **Vogabyggð svæði 5 - Skólpdælustöð,** (01.45) Mál nr. SN200218
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 13136
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 14. apríl 2020 um framkvæmdaleyfi vegna byggingu nýrrar skólpdælustöðvar í Vogabyggð

svæði 5. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn Hafrannsóknarstofnunar dags. 28. maí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

27. **Haðarstígur 14, (fsp) hækkan á þaki, setja kvist og svalir o.fl.** (01.186.623) Mál nr. SN200348 Skjalnr. 13976
Berglind Árnadóttir, Haðarstígur 14, 101 Reykjavík
430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammí 6, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Berglindar Árnadóttur dags. 26. maí 2020 um að hækka mænin hússins á lóð nr. 14 við Haðarstíg og setja kvisti á hvora hlið, setja svalir á 1. hæð hússins, stækka glugga á suðausturhlið í kjallara og endurskipuleggja rishæð, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. dags. 25. maí 2020. Einnig er óskað eftir samþykkt á áður gerðum breytingum á innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð ásamt ísetningu á glugga og hurð sem snýr að garði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Hverfisgata 39, (fsp) breyta verslun í íbúð** (01.152.4) Mál nr. SN200318 Skjalnr. 6888
680606-0130 VíFÍ ehf., Hverfisgötu 39, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn VíFÍ ehf. dags 15. maí 2020 um að breyta innra húsnæði jarðhæðar úr verslun í íbúð á lóðinni nr. 39 við Hverfisgötu. Einnig lagt fram uppdrætti Stiku dags. 20. febrúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Logafold 53, Op í vegg, áður gert kjallara, bílastæði o.fl.** (28.758.07) Mál nr. BN057684 Skjalnr. 9909
Anna Ólöf Kristófersdóttir, Logafold 53, 112 Reykjavík
Baldvin Örn Ólason, Logafold 53, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð 0101 þannig að útgröfnu rými sem er bætt við íbúðina verður geymsla, opnað á milli eldhúss og stofa ásamt breytingum á innra skipulagi íbúðar auk þess er sótt um fjölgun bílastæða úr tveimur í þrjú við tvíbýlishúsið á lóð nr. 53 við Logafold. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Bréf hönnuðar dags. 19. maí 2020 og umsögn og teikninga A3 frá burðarvirkishönnuði dags. 31. janúar 2020 fylgir erindinu. Stækkun vegna rýmis sem verið er að taka í notkun: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020 samþykkt.
30. **Sigtún 29, (fsp) stækkun á byggingarreit bílskúrs** Mál nr. SN200305 Skjalnr.
Sigurður Sigurðsson, Sigtún 29, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Sigurðssonar dags. 15. maí 2020 um stækkun á byggingarreit bílskúrs á lóð nr.

29 við Sigtún, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020 samþykkt.

31. **Skeifan 9, staðsetning ökutækjaleigu** (01.460.2) Mál nr. SN200353
Skjalnr. 10264
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Steingríms Birgissonar f.h. Höldur ehf./Bílaleigu Akureyrar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Tryggvabraut 12 á Akureyri, með útibú að Skeifunni 9 þar sem hámarksfjöldi er um 130 ökutæki. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 12. júní 2015 til 12. júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Fluggarðar 23, staðsetning ökutækjaleigu** Mál nr. SN200354
Skjalnr. 12987
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Steingríms Birgissonar f.h. Höldur ehf./Bílaleigu Akureyrar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Tryggvabraut 12 á Akureyri, með útibú að Fluggörðum 23 þar sem hámarksfjöldi er um 100 ökutæki. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 12. júní 2015 til 12. júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
33. **Reykjavíkurlflugvöllur, afgreiðsla,** (01.6) Mál nr. SN200355
staðsetning ökutækjaleigu Skjalnr. 6767
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Steingríms Birgissonar f.h. Höldur ehf./Bílaleigu Akureyrar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Tryggvabraut 12 á Akureyri, með útibú í afgreiðslu á Reykjavíkurlflugvelli þar sem hámarksfjöldi er um 20 ökutæki. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 12. júní 2015 til 12. júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Tjarnargata 38, (fsp) bílastæði á lóð** (01.142.2) Mál nr. SN200311
Skjalnr. 13774
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Alba Solís, Þorfinnsgata 2, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 19. maí 2020 um að setja bílastæði á lóð nr. 38 við Tjarnargötu. Einnig er lögð fram greinargerð/tillaga Plúsarkitekta ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
35. **Stangarholt 4, Bilgeymsla** (01.246.002) Mál nr. BN057607
Skjalnr. 14182
Einar Þór Bjarnason, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Iðunn Lára Ólafsdóttir, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Nói Steinn Einarsson, Stangarholt 4, 105 Reykjavík
Ingunn Eyþórsdóttir, Stangarholt 4, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, sem verður mhl. 02 á lóð nr. 4 við Stangarholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.

Stærð: 60,0 ferm., 202,8 rúmm. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020 samþykkt.

36. **Viðarrimi 25, (fsp) stækkun á bílgeymslu** (02.528.7) Mál nr. SN200300
Skjalnr. 14259
Berglind Ósk Kjartansdóttir, Viðarrimi 25, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Berglindar Óskar Kjartansdóttur dags. 13 maí 2020 um að stækka bílgeymslu á lóð nr. 25 við Viðarrima, samkvæmt skissa ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020.
37. **Ásvallagata 13, Stækkun á svölum 1.og 2.hæð** (01.162.303) Mál nr. BN057386
Skjalnr. 10838
Halla Helgadóttir, Ásvallagata 13, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir á suðurhlíð 1. og 2. hæðar íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Ásvallagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 5. maí 2020 til og með 2. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.
Erindi fylgir samþykki lögráðamanns og lögerfingja eiganda íbúðar 01-0101 dags 4. mars 2020, afrit af skipunarbréfi lögráðamanns dags. 6. febrúar 2019, greinargerð hönnuðar dags 25. febrúar 2018 og afrit af tölvupósti er varðar lokaúttekt. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. apríl 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
38. **Brautarholt 4-4A, skipting lóðar** (01.241.2) Mál nr. SN200313
Skjalnr. 9198
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Lögð fram umsókn V Tólf Fasteigna ehf. dags. 20. maí 2020 varðandi skiptingu lóðarinnar nr. 4 og 4a við Brautarholt. Einnig lagt fram bréf V Tólf Fasteigna ehf. og PKdM Arkitekta dags. 28. apríl 2020 ásamt tillögu ódags.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
39. **Njálsgata 36, breyting á deiliskipulagi** (01.190.2) Mál nr. SN200190
Skjalnr. 11654
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
501105-2280 SV 50 ehf., Löngulínu 28, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram umsókn Kristján Ásgeirsson dags. 26. mars 2020 ásamt bréfi dags. 16. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.2, Njálsgötureits 2, vegna lóðarinnar nr. 36 við Njálsgötu. Í breytingunni felst fyrst og fremst að leiðrétta ósamræmi í gildandi deiliskipulagi hvað varðar uppbyggingarmöguleika lóðarinnar og staðfesting á að byggja megi við og hækka framhúsið nr. 36 að lóðarmörkum Njálsgötu 38 án þess að fjarlægja þurfi bakhúsið nr. 36B. Heildarfjöldi íbúða á lóð verður allt að 7 talsins, gera má ráð fyrir m.a. svölum, kvistum án þess að breyta þurfi deiliskipulagi o.fl., samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta

ehf. dags. 16. mars 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. febrúar 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. *Vísað til skipulags- og samgönguráðs þegar uppfærð gögn berast embættinu. Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

40. **Njálsgata 36, (fsp) stækkun og hækkun húss** (01.190.2) Mál nr. SN170751
Skjalnr. 11654
Brynjars Harðarson, Langalína 28, 210 Garðabær
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Ásgeirssonar mótt. 10. október 2017 ásamt bréfi dags. 10. október 2017 um að stækka og hækka fremri húsið á lóð nr. 36 við Njálsgötu og halda bakhúsinu á lóðinni nr. 36b, samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf., dags. 10. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. febrúar 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Brynjars Harðarsonar f.h. SV50 ehf. dags. 22. febrúar 2019 þar sem lögð er fram umsókn um uppbyggingu á lóðinni nr. 36 við Njálsgötu. Erindinu var frestað á fundi skipulagsfulltrúa og óskað var eftir að fyrirspyrjandi hefði samband við embættið. Einnig var haft samband við lóðarhafa/umbjóðanda sem var beðinn um að hafa samband við embættið. Samskipti hafa farið fram í gegnum tölvupósta og einnig hefur umsækjandi ásamt umbjóðanda komið á fundi með verkefnastjóra skipulagsfulltrúa og deildarstjóra deiliskipulags á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020 samþykkt.*
41. **Reykjahlið 8, Kvistur og svalir á rishæð** (01.701.307) Mál nr. BN057343
Skjalnr. 10572
Selma Rut Þorsteinsdóttir, Reykjahlið 8, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja kvisti, koma fyrir svölum á þaki og koma fyrir salerni á rishæð íbúðarhúss á lóð nr. 8 við Reykjahlið.
Stækkun: 5.0 ferm., 11.6rúmm. Erindi fylgir fylgiskjal nr. 1, skýringarmynd tekin af vef Þjóðskrár 17. febrúar 2020, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 og samþykki meðlóðarhafa þar sem vísað er til teikninga dagsettum 24. febrúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. maí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Barmahlíð 6 og 8, Reykjahlið 10, Mávahlíð 1 og Eskihlíð 23, þegar lagfærðir uppdrættir hafa borist embættinu.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
42. **Seljavegur 2, (fsp) uppbygging** (01.133.2) Mál nr. SN200284
Skjalnr. 7418
620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Hjalta Brynjarssonar dags. 8. maí 2020 um hvort fyrirhuguð uppbygging á lóð nr. 2 við Seljaveg, samkvæmt forteikningum Arkþings - Nordic ehf. dags. 6. maí 2020, samræmist deiliskipulagi. Einnig er lögð fram greinargerð Arkþings - Nordic ódags. Fyrirspurninni

var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2020.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

43. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN200163
Skjalnr. 12335
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að leyfileg hæð masturs verði um 15 metrar í stað 10 metrar ásamt því að akfær aðkomuslóði verður varanlegur en ekki tímabundin, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Tillaga var grenndarkynnt frá 27. apríl 2020 til og með 25. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Gunnar Hauksson og Guðrún H. Ingimarsdóttir dags. 12. maí 2020, Jón Ágúst Guðmundsson dags. 25. maí 2020 og Jóhannes Þorkelsson dags. 25. maí 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
44. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.1 Neðra** (06.1) Mál nr. SN160263
Breiðholt, kynning Skjalnr. 13219
Kynning á tillögu og helstu atriðum HverfisSKIPULAGS í Breiðholti hverfi 6.1, Neðra Breiðholt.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
45. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.2 Seljahverfi,** (06.2) Mál nr. SN160264
kynning Skjalnr. 13220
Kynning á tillögu og helstu atriðum HverfisSKIPULAGS í Breiðholti hverfi 6.2, Seljahverfi.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
46. **HverfisSKIPULAG, Breiðholt 6.3 Efra** (06.3) Mál nr. SN160265
Breiðholt, kynning Skjalnr. 13221
Kynning á tillögu og helstu atriðum HverfisSKIPULAGS í Breiðholti hverfi 6.3, Efra Breiðholt.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:12.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir